

Útfarir og tryggingar – Grupo Rocamer

Það er ágætt fyrir húseigendur og leigjendur sem dvelja langdvölum á Spáni að huga að tryggingarmálum sínum. Það er ekki sjálfgefið að menn fái t.d. líftryggingu eða útfarartryggingu eftir hjartaáfall. - Við eftirgrennsan var mælt með **Grupo Rocamer**, - áratugagamalt fjölskyldufyrirtæki, sem rekur þrjár útfarastofur hér á Costa Blanca, Spáni, auk þess sem þeir eiga tvö tryggingarfélög.

Þeir krefjast ekki læknisvottorðs en spyrja örfárra spurninga er varða heilsuna. Þær eru orðaðar þannig að flestum reynist auðvelt að svara þeim með jákvæðum hætti.

Auk fyrirframgreiddra jarðarfara þá bjóða þeir hagkvæmar útfarartryggingar fyrir fólk á öllum aldri. - Af fyrirframgreiddum jarðarförum bjóða **Rocamer** félagsmönnum FHS **100 evru afslátt** af útfarargjaldskrá. Af útfarartryggingum bjóða þeir félagsmönnum FHS **10% afslátt**.

Einnig fylgir með kaupunum yfir 90 síðna **afsláttarbók** af einkarekinni heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. tannlæknaþjónustu og **útfararkort** sem viðkomandi tryggingartaki hefur ávallt með sér í veski og er til framvísunar við andlát.

Tryggingartaki greiðir af útfarartryggingunni mánaðarlega. Innifalinn er flutningur hins látna til Spánar hvaðan sem er í hinum vestræna heimi, brennsla, duftker og minningarathöfn, þrjú eintök af dánarvottorði á spænsku og þrjú á ensku auk alþjóðlegra flutningspappíra. - Síðan sækja aðstandendur duftkerið og flytja það til Íslands frítt í handfarangri og koma kerinu til viðkomandi kirkjugarðs þar sem bæði minningarathöfn og grafreiturnar sem duftkerið fer í, er án endurgjalds.

Það er full ástæða til að huga að þessum málum svo aðstandendur verði ekki fyrir umtalsverðum útgjöldum við andláts ættingja hér á Spáni.

Vinsamlegast hafið samband við öryggis -og þjónustufulltrúa FHS fyrir frekari upplýsingar, og /eða enskan tengilið **Grupo Rocamer**:

Keith Collyer

Tel.: +34 650 461 816

Netfang: keith.rocamer@live.co.uk

Vefsíða: <http://www.rocamer.es>

Facebook: Keith.rocamer

Upplýsingaskjöl Grupo Rocamer:

[Bækilingur Grupo Rocamer](#)

[Þjónusta Grupo Rocamer](#)

[Fyrirframgreidd útfararþjónusta](#) – **100€ afsláttur til félagsmanna FHS**

[Iðgjöld af útfarartryggingu](#) – **10% afsláttur til félagsmanna FHS**

